

ÓTRÚ.

Eftir

CAMILLE FLAMMARION.

VÉR erum flest tjóðruð með voru eigin vitsmunalega skamm-sýni. Fjölda margir álíta, að sinn sjóndeildarhringur taki út yfir öll jarðarinnar endimörk. Daglega mætum vér fjölda manns, er fyllist heift og hatri út af hverri nýrri uppgötvun, sem gjörð er, eða nýjum skoðunum, sem látnar eru í ljósi. Þeir vilja ekki hafa það, að nokkur breyting eigi sér stað á rás viðburðanna, sem þeir eru farnir að venjast.

Dirfska og ástundunarsemi uppfinndingamannsins og allra þeirra, er reyna að koma af stað einhverjum umbótum, grúsk vísindamannsins og forníraðingsins er að þeirra álit glæpsamlegt. Skoðun þeirra er sú, að mannkynið hafi ætíð verið á því sama menningarstigi, og það er nú. Þeir gleyma því, að það var eitt sinn til steinaldartímabil, að notkun elds var mönnum ókunn, að þeim lærðist að reisa sér hús, smíða kerrur og vagna, leggja járnbrautir — í stuttu máli, þeir gleyma öllum þeim örðugleikum, er þekkingin hefir smám saman yfirstígið, og þeim uppgötvunum, er vísindin hafa gjört.

Þetta góða fólk er svo óumbreytanlega ánægt með heiminn, eins og það sníður sér hann, að því er algjörlega ómögulegt, að viðurkenna sannleika þeirra hluta, sem það fær ekki skilið; og það rennir ekki heldur grun í, að það skilji ekkert.

Þeim skilst það ekki, að fyrir utan takmörk þeirra hluta og viðburða í náttúrunni, sem útskýringar eru fengnar yfir, liggur hinn takmarkalaus, dularfulli heimur, sem enn er hulinn allri mannlegri þekkingu. Gamli orðaleikurinn, — „vegna hvers fellur steinninn til jarðar? Af því jörðin dregur hann að sér,“ — nægir þeim. Þeim finnst þeir skilji.

Þeir láta ýmislegan gamlan samsetning troða á skynsemiskröfum sínum, og festa trúnað á orðum, sé þau nógu fávíslega samantvinnuð og nógu gömul. Allt það, sem er, þarf að vera komið til ára sinna, annars gagnar það ekkert.

Menn af þessu tagi hafa verið til á öllum tímum og af öll-